



**Áætlum um aurburðar- og hitamælingar fyrir  
Landsvirkjun 1997**

**Svanur Pálsson**

**Greinargerð SvP-97-05**

9. apríl 1997

## Áætlun um aurburðar- og hitamælingar fyrir Landsvirkjun 1997

Hér er um að ræða staði, þar sem Landsvirkjun á virkjanir eða hefur virkjunarleyfi. Tilgangurinn er að afla árlega gagna, sem bætast við gagnasafn aurburðarmælinga. Gögnin er síðar hægt að nota ásamt rennslisgögnum Vatnamælinga til þess að reikna framburð svifaurs með svifaurslyklum. Lagt er til, að sýnin skiptist þannig á staði:

Blanda við Löngumýri, Þjórsá við Sandafell, Tungná við Vatnaöldur og Kaldakvísl við Þveröldu 8 sýni á hverjum stað, alls 32 sýni. Vatnamælingar OS taka sýnin úr Blöndu, en Landsvirkjun sýnin úr Þjórsá, Tungná og Köldukvísl. Rétt er að geta þess, að Þjórsá við Sandafell er einn af sýnatökustöðum í vöktunarverkefni Hollustuverndar, sem Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Vatnamælingar OS eru samstarfsaðilar að. Því er hugsanlegt að ná fram einhverri hagræðingu á þessu ári a. m. k.

Jökulsá í Fljótsdal við Hól og Lagarfljót við Egilsstaði 6 sýni á hvorum stað, alls 12 sýni. Vatnamælingar taka sýnin.

Þetta eru alls 44 sýni. Gert er ráð fyrir, að kostnaður við sýnatöku + mælingu sé kr. 30.000, en mæling ein og sér kosti kr. 10.000.

Ennfremur verði gerðar 10 hitamælingar í Leginum, en hver þeirra kostar kr. 50.000.

Kostnaður við þessar rannsóknir skiptist þannig:

Blanda	8×30.000	=	240.000
Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót	12×30.000	=	360.000
Þjórsá, Tungná og Kaldakvísl	24×10.000	=	240.000
Lögurinn, hitamælingar	10×50.000	=	500.000
Samtals			kr. 1.340.000

Samanburðarmælingar í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga bíða þess, að nauðsynlegur búnaður sé fyrir hendi, en hann kemst að líkindum upp í haust.

